

Bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 8. nóvember 2023, Stafræn stefna í opið samráð

Kæru íbúaráð Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg kynnir til samráðs stafræna stefnu. Stefnunni er ætlað að draga fram áherslur borgarinnar í stafrænum málum til næstu fimm ára.

Við viljum biðja ykkur að skoða stefnuna og koma með athugasemdir og ábendingar varðandi hana. Stefnuna má finna á vefnum www.samradsvefur.is og nauðsynlegt er að skrá sig inn á vefinn til að skila inn ábendingum og athugasemdum. Samráði lýkur 23. nóvember og þurfa álit að hafa borist fyrir þann tíma.

Stafræn stefna Reykjavíkurborgar er fyrsta opna samráðið sem birtist í nýrri samráðsgátt. Markmið stefnunnar er að auðvelda fólki og fyrirtækjum að sækja sér þjónustu með sjálfsagreiðslu og styðja við notendamiðaða nálgun. Þá styður stefnan við lýðræði og mannréttindi með því að leggja áherslu á jafnt stafrænt aðgengi og réttláta málsmeðferð þar sem stafræn réttindi eru innbyggð í þjónustu borgarinnar.

Með fyrirfram þökkum

Þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar.

Kær kveðja,



Eva Pandora Baldursdóttir

Verkefnastjóri stjórnsýslumála

Sími: +354 865 6184

Skrifstofa sviðsstjóra

Þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14

105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.